

**433. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 20. október 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. **1109016F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 63.fundur.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. **1109018F - Húsnæðisnefnd – 14.fundur.**
Samþykkt samhljóða.
3. **1109019F - Fjallskilanevnd – 6.fundur.**
Samþykkt samhljóða.
4. **1110005F - Húsnæðisnefnd – 15.fundur.**
Samþykkt samhljóða.
5. **1110010 - Fjórðungssamband Vestfirðinga fundargerðir haust 2011**
Lagðar fram fundargerðir 1.,8., og 27. sept.til kynningar.
6. **1110054 - Markaðsstofa Vestfjarða - ímyndarherferð Vestfjarða.**
Fyrir fundinum liggja drög að samningi á milli Markaðsstofu Vestfjarða og Tálknafjarðarhrepps vegna Ímyndarherferðar Vestfjarða sem öll sveitarfélög á Vestfirðum standa að. Fyrir liggur samþykkt hreppnefndar á 429.fundi þann 18.maí 2011 undir 9.tl. að verja til verkefnisins allt að kr. 330.000 á árinu 2011. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir framlag í ímyndarherferð Vestfjarða árin 2011, 2012 og 2013 með fyrirvara um að öll önnur sveitarfélög á Vestfirðum geri slíkt hið sama. Framlag Tálknafjarðarhrepps árið 2012 er kr. 260.907.- og framlag Tálknafjarðarhrepps árið 2013 kr. 260.907.- Oddvita falið að undirrita samninginn fh. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
7. **1110025 - Fjárlaganefnd Alþingis- fundir sveitarstjórnar með fjárlaganefnd haustið 2011.**
Vakin er athygli forsvarsmanna sveitarfélaga á breyttu fyrirkomulagi á úthlutun styrkja til ýmissa verkefna á vegum félaga, samtaka og/eða einstaklinga á fjárlögum 2012. Fjárlaganefnd mun ekki taka við umsóknum sveitarfélaga um styrki til einstakra verkefna. Nánari upplýsingar fylgja með í fylgiskjali.
Tálknafjarðarhreppur hefur ekki óskað eftir fundi enn sem komið er, en í skoðun er fundardagurinn 4.nóvember 2011. Samþykkt samhljóða.

8. **1110050 - Tillaga til sveitarstjórnar um Ungmennaráð frá Sigríði Etnu Marinósdóttur**
Hreppsnefnd fagnar tillögu um ungmennaráð. Umræðan hefur farið fram innan sveitarfélagsins og horft til þess að setja ungmennaráð á laggirnar. M.a. kemur fram í tillögunni að ungmennaráð þarfnist leiðbeinanda. Hreppsnefnd leggur til þar sem ekki hefur verið ákveðið með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins að hugað verði að því að samræma starf umsjónamanns hennar og ungmennaráðs. Hreppsnefnd telur vísast til árangurs að leiðbeinandi fái til starfans áður en af stofnun ungmennaráðs verður. Samþykkt samhljóða.
9. **1110049 - Sigríður Á. Hilmar dóttir - umsókn um leyfi til hundahalds.**
Samþykkt samhljóða, en minnt á samþykktir um hundahald í Tálknafjarðarhreppi.
10. **1109052 - Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald og fráveitu, byggingaleyfis-, afgreiðslu- og þjónustugjöld tæknideildar Tálknafjarðarhrepps.**
Síðari umræða. Við gildistöku þessarar samþykktar falla eldri samþykktir úr gildi. Samþykkt samhljóða.
11. **1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals**
Á fjárákalogum er ekki neitt framlag til Orkusjóðs en ekki verða lagðar árar í bát og áfram unnið að málinu. Samþykkt samhljóða.
12. **1110060 - Ályktun frá bæjarstjórn Vesturbyggðar er varðar Breiðafjarðarferjuna Baldur.**
- Breiðafjarðarferjan Baldur skiptir höfuðmáli fyrir íbúa og atvinnulíf sunnanverðra Vestfjarða.
 - Bæjarstjórn Vesturbyggðar lýsir yfir fullum skilningi á samgönguleysi íbúa Vestmannaeyja en fáir þekkja jafnvel áhrif samgönguleysis en íbúar sunnanverðra Vestfjarða.
 - Í gildi er samningur um siglingar Baldurs um Breiðafjörð við Sæferðir. Ekki kemur til greina að hróflað verði við siglingum Baldurs um Breiðafjörð til að leysa vanda Vestmannaeyinga nema til komi jafngóð eða betri lausn á Breiðafjarðarsiglingum.
- Hreppsnefnd Tálknafjarðar tekur heilshugar undir ályktun Vesturbyggðar um málefni Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Samþykkt samhljóða.*
13. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Oddviti fór yfir undirbúning fjárhagsáætlunargerðar og minntist á að setja þyrfti ákveðnar reglur í sambandi við styrkveitingar til félagasamtaka, rætt var um tilhögun vinnunnar sem framundan er.
Oddviti fór yfir framlög Jöfnunarsjóðs og skatttekjur það sem af er árinu.
Fundur með þingmönnum kjördæmisins verður á Hólmavík þann 27. okt.nk., þátttöku þarf að tilkynna fyrir 25. okt.
Oddviti minnti hreppsnefnd á að lesa vel yfir nýju sveitarstjórnarlögin ásamt minnisblaði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.
Ásgeir Jónsson vék af fundi.
14. **1110023 - SÍS - Hvatning vegna kvennafrídagsins 25. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.

15. **1110053 - Mennta- Menningarmálarn. - Íþróttastefna**
Lagt fram til kynningar.

16. **1110047 - Umhverfisstofnun - Ársfundur Umhverfisstofn og náttúruvernd.
sveitaf 2011**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |